

Samráðsgátt
Mál nr. 180/2022

Reykjavík, 26.10.2022

Efni: Umsögn Fuglaverndar um *Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa* ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3293](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3293)).

Vernd líffræðilegrar fjölbreytni er undirstaða allrar náttúruverndar og fagnar Fuglavernd mjög að nú sé hafin vinna að því að endurskoða stefnu Íslands í þessum málaflokki, þar sem grænbókin sem hér er til umfjöllunar er fyrsta skrefið. Eins og fram kemur í upphafi grænbókarinnar á hún að innihalda upplýsingar um viðfangsefnið og núverandi stöðu þess, og á að gefa gott yfirlit um lykilviðfangsefnin fram undan og helstu leiðir eða áherslur við úrlausn þeirra.

Í grænbókinni er bent á fjölmörg viðfangsefni og úrbætur, og tekur Fuglavernd undir þær allar, en að mati Fuglaverndar má þó gera enn betur þegar litið er til verndar fuglastofna landsins. Hafa skal í huga að fuglalíf okkar er mjög veigamikil þáttur í líffræðilegri fjölbreytni Íslands, og ætti því að gera vernd fugla hátt undir höfði í allri umfjöllun um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.

Almennt séð standa fuglar sem lífveruhópur afar illa á heimsvísu. Í nýrri skýrslu Alþjóðlega Fuglaverndarfélagins (BirdLife International) um stöðu allra fugla árið 2022¹ kemur fram að 49% fuglategunda á heimsvísu eru í hnignun og ein af hverjum 8 eru í útrýmingarhættu. Ástand fugla á heimsvísu hefur farið mjög hratt versnandi síðustu áratugi og virðist engin breyting á því í auglýn. Er enginn vafi á að þessi bága staða sé nátengd athöfnum mannsins. Í skýrslu Alþjóðlega Fuglaverndarfélagins eru teknar saman helstu orsakir þessarar hnignunar, sem eru 1) eyðing og hnignun náttúrulegra búsvæða vegna útpenslu landbúnaðar og mannvirkja, bæði á þurrum og blautum búsvæðum, 2) framandi ágengar tegundir, 3) ósjálfbær nýting fuglastofna, 4) hjáveiði, 5) loftslagsbreytingar af mannavöldum, 6) rýrnun og eyðilegging verndaðra eða mikilvægra svæða, 7) skógareldar og 8) orkuframleiðsla og -flutningur.

Ef litið er til þessara þátta hérlendis, sést glögg að þessar sömu ógnir eiga við á Íslandi. Hér verður rætt um hverja ógn fyrir sig og bent á hvernig grænbókin þurfi að ná betur utan um þessa þætti.

¹ <https://www.birdlife.org/papers-reports/state-of-the-worlds-birds-2022/>

1) Eyðing og hnignun náttúrulegra búsvæða vegna útpenslu landbúnaðar og mannvirkja bæði á þurrum og blautum búsvæðum. Hér á landi koma þessi áhrif fyrst og fremst fram vegna þurrkunar votlendis, vegagerðar sem felur í sér þverun fjarða eða eyðileggingu náttúrulegra fjara, aukinnar nytjaræktar, skógræktar, þenslu mannabyggða með tilheyrandi nýbyggingum og vegagerð og ýmsar gerðir af orkuframleiðslu. Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að regluverk okkar og lagaumhverfi lítur fyrst og fremst á náttúrufrýrbrigði sem eru sjaldgæf eða í hættu þegar svæði eru vernduð eða friðuð fyrir ágangi manna, en náttúra sem þykir „algeng“ eða útbreidd nýtur sjaldnast sérstakrar verndar. Fyrir fuglalíf landsins er það þó einmitt oft þessi „algenga“ náttúra, s.s. mólendi, sem getur verið mikilvæg og því verður að vera fyrir hendi tól til að tryggja æskilega vernd þess háttar búsvæða þótt þau séu ekki sjaldgæf. Mikilvægt er að stefna Íslands varðandi vernd „algengra“ en mikilvægra vistkerfa sé skýr og að tól séu til staðar til að tryggja að ekki sé gengið um of á þessi svæði.

2) Framandi ágengar tegundir. Þessi málaflokkur hefur fengið skammarlega litla athygli hér á landi og segja má að hann sé í algjörum ólestri. Til að mynda hefur Ísland, eitt Norðurlanda, aldrei útbúið heildarstefnu varðandi framandi og ágengar tegundir² og aldrei hefur farið fram faglegt, staðlað áhættumat á helstu framandi tegundum sem hér má finna eða eru líklegar til að berast til landsins, t.d. að hætti Norðmanna³. Vissulega er minnst á úrbætur í þessum málaflokki í grænbókinni, en betur má ef duga skal. Mjög mikilvægt er að útbúin verði heildarstefna varðandi framandi og ágengar tegundir sem þarf að taka til:

- Innflutningur - viljandi og óviljandi.
- Vöktun framandi tegunda - bæði á nýjum tegundum sem eru að nema hér land og þeim sem rótgrónar eru.
- Viðbragðsáætlanir.
- Tegundalistar eftir hættuflokkum, sem byggja á faglegu, alþjóðlega viðurkenndu áhættumati.
- Stjórnun ágengra tegunda og minnkun tjóns.
- Mótvægisáðgerðir og endurheimt svæða sem hafa orðið fyrir skemmdum af völdum ágengra tegunda.
- Skipulögð skráning á bæði fjárhagslegum kostnaði og umhverfislegu tjóni vegna ágengra tegunda.
- Almenningsfræðsla.

Þá þarf að huga vel að opinberri skilgreiningu á ágengum tegundum og viðmiðum um hvenær grípa eigi til aðgerða gegn þeim. Ef beðið er eftir að tegund sé farin að valda tjóni er

² <https://authors.elsevier.com/c/1fyj11476tlEgM>

³ <https://link.springer.com/article/10.1007/s10530-019-02033-6>

oft of seint að grípa til aðgerða⁴. Því er betra að horfa til getu hennar til að breiðast út í íslensku vistkerfi og ráðast í snemmbúnað aðgerðir, sem gætu ýmist falið í sér fjarlægingu viðkomandi tegundar eða strangt regluverk um dreifingu og notkun hennar eða hvort tveggja.

Hér á landi stendur fuglum helst ógn af hinum ágenga og útbreidda mink⁵, en önnur framandi spendýr svo sem kettir og kanínur geta einnig haft neikvæð áhrif á fugla landsins. Eins og réttilega er bent á í Grænbókinni er nauðsynlegt að vakta minkastofninn markvisst, en fjármagn til þess hefur einungis verið veitt árin 2019 og 2020⁶ þótt minkurinn hafi verið útbreiddur um allt láglandi Íslands í meira en hálföld. Þá þarf að taka minkaveiði mun fastari tökum með fastráðningu minkaveiðimanna í stað þess að borga verðlaun fyrir minkaskott, skipuleggja þarf minkaveiði með heildrænum hætti á landsvísi og nýta þarf betur þær upplýsingar um minkastofninn sem aflað hefur verið síðustu áratugi⁷ til veiðistjórnunar⁸. Einnig þarf að taka kattahald fastari tökum en kettir eru taldir með allra ágengustu tegundum veraldar. Margar leiðir eru til þess, sem m.a. eru raktar í nýlegri yfirlitsgrein sem birtist í ársriti Fuglaverndar⁹.

Fuglum Íslands stendur einnig að öllum líkindum talsverð ógn af framandi plöntutegundum, sé ekkert að gert. Lúpína hefur þegar haft talsverð áhrif og skert búsvæði bersvæðisfugla á sumum svæðum. Þá geta stórhuga áætlanir um aukna skógrækt með framandi trjátegundum gjörbreytt mikilvægum fuglasvæðum á láglandi, sérstaklega þegar litið er til mófuglanna, sem sumir eru ábyrgðartegundir Íslands. Með varúðarregluna að leiðarljósi ætti að fara mjög varlega í að dreifa trjátegundum sem líklegar eru til sjálfsáningar og sjálfsdreifingar, svo sem stafafuru og sitkagreni, en bent er á að báðar þessar tegundir komu illa út úr áhættumati Norðmanna¹⁰ þar sem þær lentu í hæsta hættuflokki. Hætta ætti allri gróðursetningu þessara tegunda nema á skilgreindum svæðum þar sem tryggt er að spornað verði við dreifingu þeirra.

⁴ https://www.researchgate.net/publication/319315121_Vagestir_i_vistkerfum_-_Fyrri_hluti_Stiklad_a_storu_um_framandi_agengar_tegundir_Ecosystems_in_peril_part_one_A_review_on_alien_invasive_species_-_English_summary

⁵ https://www.researchgate.net/publication/281560663_Vagestir_i_vistkerfum_-_Seinni_hluti_Framandi_og_agengar_tegundir_a_Islandi_Ecosystems_in_peril_part_two_Alien_and_invasive_species_in_Iceland_-_English_summary

⁶ https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/2019_A%CC%81aetlun-um-rannso%CC%81knir-og-vo%CC%88ktun-minkastofnsins-sent-til-UAR-5.9.2019_LOKA.pdf og https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/2021_Vo%CC%88ktun-minkastofnsins-greinargerð-til-UAR-vid-samningslok-sep.-2021.pdf

⁷ <https://nsv.is/ritaskra/>

⁸ https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2012_Minkur-mat-a%CC%81-a%CC%81rangri-veidia%CC%81taks-Lokasky%CC%81rsla-DES-2012.pdf

⁹ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Heimiliskotturinn.pdf>

¹⁰ <https://artsdatabanken.no/fremmedarter/2018/N/538> og <https://artsdatabanken.no/fremmedarter/2018/N/537>

Loks má ekki gleyma því að fuglum landsins getur stafað hættu af framandi ágengum tegundum í sjó, sem breytt geta vistkerfum í fjörum, leirum og grunnsævi og þannig haft áhrif á mikilvægt fæðuframboð vað- og annarra strandfugla. Kjölfestuvatn skipa er ein helsta leið slíkra tegunda hingað til lands, og vissulega hefur verið sett reglugerð um kjölfestuvatn hér á landi en bent er á að eftirlit með framkvæmd hennar hefur verið lítið eða ekkert, og nýjum framandi tegundum í sjó hefur fjölgað frá setningu hennar¹¹. Mikilvægt er að fylgja reglugerð um kjölfestuvatn eftir og meta árangur hennar.

3) Ósjálfbær nýting fuglastofna. Oft er miðað við að íslenskir varpfuglar séu 82 talsins. Að grunni til eru þeir allir friðaðir, en í dag er friðun aflétt af 31 tegund. Sérstaka athygli vekur að af þessari 31 tegund hafa 14 sýnt neikvæða stofnþróun síðustu ár¹². Þetta eru um 45% þeirra fugla sem má veiða!! Á bls. 54 í Grænabókinni kemur fram að „Þá ber að endurskoða löggjöf um veiðar á fuglum með það í huga að hún sé ætíð sjálfbær og taka þarf tillit til verndarstöðu tegunda.“ Fuglavernd bendir á að í núgildandi lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (nr. 64/1994) kemur fram að „Ákvörðun um að aflétta friðun samkvæmt lögum þessum skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða“ (7.gr.). Því er nú þegar til staðar ákvæði í lögum um að veiðar eigi að vera sjálfbærar (þar sem það gefur auga leið að ef stofnþróun er neikvæð getur viðkoma ekki vegið upp afföll vegna veiða), en það hefur ekki komið í veg fyrir að veiðar séu stundaðar á tegundum sem sýna viðvarandi neikvæða stofnþróun yfir langan tíma og er að finna á valista. Í þessu tilfelli hlýtur vandamálið því að vera meira og annars eðlis en að löggjöfin sé ekki í lagi. Þarna virðist vera tregða í stjórnkerfinu til að standa vörð um vernd fugla, og því þarf að bæta úr. Stjórnvöld þurfa að hafa hagsmuni fugla að leiðarljósi og þora að taka þá fram yfir persónulega hagsmuni þeirra sem stunda fuglaveiðar. Breytir þá engu hvort lítið er til tegunda sem eru nýttar eða tegunda sem eru drepnar vegna meints tjóns, en sérstaklega þær síðarnefndu þurfa á gagngerri viðhorfsbreytingu að halda¹³. Ný stefna Íslands um líffræðilega fjölbreytni þarf því að vera það skýr varðandi sjálfbærar fuglaveiðar, þar með talda eggjatöku, að ekki verður hjá því komist að fylgja henni eftir, óháð því hver sé með stjórnartaumana hverju sinni. Bent er á að margar gagnlegar ábendingar varðandi sjálfbærar fuglaveiðar er að finna í skýrslu nefndar um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra á Íslandi¹⁴.

Nátengd ósjálfbærri nýtingu fuglastofna er ósjálfbær nýting tegunda sem eru ýmsum fuglategundum mikilvægar með einum eða öðrum hætt. Hér skal líta sérstaklega til aukinnar sóknar í þörungatekju, en því miður virðist viðhorfið þar vera að nýtingin sé sjálfbær ef auðlindin (þörungarnar) nær að endurnýja sig reglulega. Hér verður að staldra við og nota

¹¹ <https://authors.elsevier.com/c/1fyJl14Z6tEgM>

¹² https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2015_Lagavernd-fugla-Menja-Fuglar10.pdf (frá því að greinin var skrifuð hefur veiðum verið hætt á teistu).

¹³ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Ranfugl.pdf>

¹⁴ https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veiðar-LOKA-8-mai-2013.pdf

frekar vistkerfisnágun, því botnsjávargróður vex ekki í einhvers konar líffræðilegu tómarúmi heldur er hann undirstaða margs konar líffræðilegra ferla í hafinu, auk þess sem það er búsvæði fyrir fjölmargar aðrar tegundir, sem m.a. eru mikilvæg fæða fyrir ýmsa sjófugla. Fuglavernd leggur ríka áherslu á að ekki eigi að útvíkka frekar þörungatekja af náttúrulegum búsvæðum, heldur leggja þess í stað áherslu á ræktun þörunga líkt og gert er víða um heim. Ræktun þörunga getur beinlínis haft í för með sér jákvæð áhrif á lífríki, auk þess sem það bindur kolefni og vinnur þannig gegn súrnun sjávar.

4) Hjáveiði. Í Grænbókinni er minnst á það einu sinni (bls. 40) að fuglar geti óvart orðið meðafli í fiskveiðum, og á bls. 65 kemur fram að „Í lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands er ákvæði um að sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafli af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða getur ráðherra ákveðið að veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu.“ Fuglavernd bendir á að fjölmörgum sjófuglategundum stendur ógn af hjáveiðum hér á landi, og því þarf að bæta verulega úr! Umfjöllun um þetta í Grænbókinni er því ábótavant. Ágætis umfjöllun um þetta vandamál er að finna í kafla 6.6.1 bls. 116 í skýrslu nefndar um lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra fugla og spendýra á Íslandi¹⁵. Hjáveiði sjófuglategunda með neikvæða stofnþróun þarf að taka alvarlega. Bæta þarf verulega skráningar á hjáveiðinni, en margt bendir til þess að hún sé vanmetin. Grípa þarf til aðgerða til að draga úr hjáveiðinni, en til þess þarf annað hvort að þróa lausnir eða breyta fyrirkomulagi veiða. Það er ekki nóg að lagaheimild sé til staðar til að bregðast við þessu vandamáli, ef hún er ekki nýtt á hátt sem sannarlega dregur úr vandamálinu.

5) Loftlagsbreytingar af mannavöldum. Eins og annars staðar í heiminum getur íslenskum fuglastofnum staðið veruleg ógn af loftslagsbreytingum af mannavöldum. Talsvert er fjallað um mikilvægi þess að sporna gegn loftslagsbreytingum í grænbókinni, og tíðrætt er um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og aðlögun að loftslagsbreytingum. Fuglavernd tekur undir mikilvægi þess að grípa til aðgerða til að draga úr losun og binda gróðurhúsalofttegundir, en hefur hins vegar talsverðar áhyggjur af því að ekki sé alltaf horft á heildarmyndina í þessu samhengi. Fuglavernd leggur ríka áherslu á að ekki eigi að reyna að leysa eitt vandamál með því að búa til annað. Í þessu samhengi er t.d. mikilvægt að hafa í huga að stóraukin skógrækt með gróðursetningu framandi trjátegunda mun hafa bein neikvæð áhrif á margar mólendisfuglategundir, á meðan að endurheimt votlendis og endurheimt leira (sem hvort tveggja binda kolefni) mundi hafa jákvæð áhrif á fuglalíf landsins. Þegar finna skal leiðir til að binda kolefni, þarf því að horfa til hvaða heildaráhrifa aðgerðin hefur. Það sama má segja um leiðir til orkuskipta, en ávinningurinn af t.d. vindorkuverum verður mun minni eða jafnvel neikvæður ef slík ver eru staðsett þar sem þau hafa neikvæð áhrif á viðkvæmar fuglategundir. Því verður ávallt að hugsa um loftslagslausnir með hliðsjón af vernd

¹⁵ https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf

líffræðilegrar fjölbreytni og velja þær lausnir sem mestu skila á heildina litið en sniðganga lausnir sem hafa bein neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika.

6) Rýrnun og eyðilegging verndaðra eða mikilvægra svæða. Með síaukinni ágengni manna á náttúruleg svæði, verður almennt æ meiri þrýstingur á að nýta einnig svæði í þágu mannsins sem hafa meira vistfræðilegt mikilvægi en önnur. Ef litið er hingað heim er nærtækt dæmi þær fjölmörgu stórtæku hugmyndir um vindorkuver, sem falla myndu ýmist innan mikilvægra fuglasvæða eða á jöðrum þeirra¹⁶. Fuglavernd leggur ríka áherslu á að mikilvæg vistkerfi njóti viðeigandi verndar, svo ekki sé endalaust hægt að ganga á þau í nafni framþróunar. Þótt ýmis vistkerfi njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013), þ.e. votlendi (s.s. hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri), stöðuvötn og tjarnir, (1.000 m² að flatarmáli eða stærri), og sjávarfitjar og leirur (61. gr.), er vernd þeirra engu að síður ábótavant hér á landi, þar sem löggin gera ráð fyrir ákveðinni lágmarks flatarmálsstærð, en lítur fram hjá mikilvægi smærri svæða af sömu gerð fyrir fuglalíf landsins. Fuglavernd álitur að nú þegar sé búið að ganga nóg á þessar vistgerðir hérlendis og ástæða sé til að vernda þau öll óháð stærðarmörkum. Enn er verið að ræsa fram votlendi, eyðileggja leirur og strandlengjur og ganga á náttúrulega birkiskóga og er þessi búsvæðaeyðing í flestum tilfellum miklu meiri en endurheimt sambærilegra svæða. Þessu verður að linna. Ef ekki verður komist hjá því að ganga á þessi vistkerfi ætti að gera framkvæmdaraðila skylt að endurheimta sambærilegt búsvæði sem væri að lágmarki tvöfalt flatarmál raskaða svæðisins. Þá er mikilvægt að veita mikilvægum fuglasvæðum á landsvísu skv. úttekt Náttúrufræðistofnunar Íslands¹⁷ formlega vernd. Mikilvægt er að stefna Íslands varðandi líffræðilega fjölbreytni setji skýran ramma um vernd mikilvægra svæða fyrir lífríki, og að ekki megi ganga á þessi svæði. Staðan í dag er ekki nógu góð og úr því þarf að bæta.

7) Skógareldar. Ísland hefur sem betur fer ekki enn orðið fyrir álíka hamförum og ónáttúrulegir skógareldar hafa valdið víða erlendis síðustu ár. Engu að síður er þetta atriði sem þarf að hafa í huga sem mögulega ógn hérlendis í framtíðinni, þegar líta á til verndar líffræðilegrar fjölbreytni. Spáð hefur verið að tíðni ónáttúrulegra gróðurelda (wildfires) muni aukast jafnt og þétt og muni hafa aukist um 50% árið 2100. Árið 2020 var t.a.m. metfjöldi slíkra elda á norðurslóðum¹⁸. Með viðbúnum loftslagsbreytingum og mögulegum breytingum á veðrakerfum gætu úrkomumynstur breyst hérlendis, sem ýtt gæti undir hættuna á skógar- og gróðureldum. Þetta atriði er einnig þess virði að hafa í huga varðandi það að ætla að binda mikið kolefni í trjám, en slíkar tilraunir gætu bókstaflega fuðrað upp. Á sama tíma gæti endurheimt votlendis spornað gegn hættunni af gróðureldum¹⁹. Í Grænbókinni virðist hvergi vera talað um gróður- eða skógarelda, en þetta er þó atriði sem gæti haft afdrifarík áhrif á fuglalíf, sérstaklega ef eldurinn kviknar og brennur á varptíma, en einnig á gróður-, smádyra-

¹⁶ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Vindmyllur.pdf>

¹⁷ https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

¹⁸ <https://www.birdlife.org/papers-reports/state-of-the-worlds-birds-2022/>

¹⁹ <https://theconversation.com/how-to-fight-wildfires-and-climate-change-with-wetlands-117356>

og örveruvistkerfi eins og gefur að skilja. Ísland þarf að móta sér stefnu um hvernig bregðast eigi við aukinni hættu á gróðureldum og hvaða aðgerða þurfi að grípa til, til að fyrirbyggja eins og hægt er stórfellt tjón á lífbreytileika af þessum völdum.

8) Orkuframleiðsla og -flutningur. Í Grænbókinni kemur fram að jarðvarma-, vatns- og vindorkuver geti valdið álagi á vistkerfi Íslands, og er nefnt sérstaklega að fuglum gæti stafað ógn af vindorkuáformum. Lítið er þó nefnt um úrræði til að sporna við þessu, utan þess að vísa til verndar- og orkunýtingaráætlunar. Þótt þriðji áfangi rammaáætlunar hafi verið samþykktur á Alþingi síðastliðið sumar, lítur Fuglavernd ekki svo á að vernd mikilvægrar náttúru, þar með talið fuglalífs, fyrir orkuframleiðslu sé tryggð. Mikilvægt er að búa til heildstæða áætlun vegna vindorkuvera og nauðsynlegt er að útiloka strax staðsetningu slíkra vera innan eða á mörkum mikilvægra fuglasvæða, sem og á mikilvægum farleiðum fugla²⁰. Þá er mikilvægt að slík áætlun nái líka til hugmynda að vindorkuverum í sjó. Einnig hefur Fuglavernd talsverðar áhyggjur af þeim fjölmörgu vatnsaflsvirkjunum sem fyrirhugaðar eru sem ekki rúmast innan rammaáætlunar og telur að skerpa þurfi á regluverki sem nær til þeirra til að tryggja mun betur vernd fuglalífs. Loks bendir Fuglavernd á að hvergi í grænbókinni virðist vera minnst á áflug fugla á raflínur, en það er vandamál sem hlotið hefur furðulega litla almenna athygli héraendis, en er þó sannarlega fyrir hendi. T.d. virðist vera tiltölulega algengt að raflínur verði íslenskum haförnum að bráð²¹. Huga þarf mun betur að vernd lífríkis og þar með líffræðilegri fjölbreytni fyrir hinar ýmsu gerðir orkuframleiðslu en nú er gert.

Lokaorð

Þótt Fuglavernd fagni því að fram sé komin Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa og telji hana vera gott fyrsta skref í þeirri vinnu sem fram undan er, þarf að taka ýmsa þætti er snerta fuglavernd fastari tökum eins og hér hefur verið rakið. Til að ná raunverulegum árangri varðandi varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni þarf stóráttak í almenningsfræðslu, og er ánægjulegt að Grænbókin minnst á mikilvægi þess. Í því samhengi þarf m.a. að skerpa mjög á því hvað sé eiginlega átt við með hugtakinu líffræðileg fjölbreytni og mikilvægi þess að líta á jörðina sem eina heild þegar rætt er um hvort verið sé að auka eða minnka fjölbreytni. Það er útbreiddur misskilningur meðal almennings að með t.d. innflutningi og dreifingu framandi tegunda sé verið að auka fjölbreytni, þar sem lítið er til þess að heildarfjöldi tegunda á Íslandi aukist með þessu. Ef slík dreifing stuðlar að tapi á fjölbreytileika upprunalegra tegunda, og þar með minnkun náttúrulegs fjölbreytileika á heimsvísu, eru heildaráhrifin að sjálfsögð neikvæð, auk þess sem hróflað er við náttúrulegum ferlum, sem er í andstöðu við meginmarkmið nútíma náttúruverndar; að náttúran fá að

²⁰ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Vindmyllur.pdf>

²¹ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Aflug.pdf>

þróast eftir eigin leiðum²². Í stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni þarf því að vera mjög skýrt hvað átt sé nákvæmlega við, og hvaða mælikvarða miðað sé við.

Fuglavernd óskar þeim sem nú taka við keflinu í áframhaldandi vinnu góðs gengis með næstu skref.

F.h. Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri



²² https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf